

Alþingi
Erindi nr. P 143/1349
komudagur 31.3.2014

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfoss, 31. mars 2014
Mast14030262

Efni: Umsögn - Þingskjal 609 - 319. mál.
Slysasleppingar á eldisfiski – 2. og 13. gr. b frumvarpsins.

Matvælastofnun telur að gera þurfi breytingar á frumvarpinu þess efnis að Fiskistofa muni sinna áfram stjórnslu og ákvarðanatöku vegna ráðstafana sem teknar eru til verndar villtum stofnum í þeim tilvikum þegar rekstrarleyfishafi missir eldisfisk úr fiskeldisstöð, sbr. 13. gr. laga nr. 71/2008 (og 13. gr. b frumvarpsins).

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði er markmið laganna að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Lögín taka til allrar veiði úr ferskvatnsfiskstofnum og er í lögnum fjallað með ítarlegum hætti um veiðiréttindi, veiðistjórn, veiðifélög, fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn og um veiðitæki og veiðiaðferðir. Lögín eru þannig grundvöllur fyrir verndun og stjórn á veiðum laxfiska. Framkvæmd stjórnslu og eftirlit með lögnum er hjá Fiskistofu, sbr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi ber leyfishafa að grípa til ákveðinna ráðstafana þegar hann missir fisk úr fiskeldisstöð sinni og getur Fiskistofa gripið til viðeigandi ráðstafana í kjölfarið. Aðgerðir þessar eru til að takmarka þau áhrif sem slíkar sleppingar hafa á villta stofna. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er ráðgert að Matvælastofnun taki yfir hlutverk Fiskistofu skv. lögum nr. 71/2008, þ.m.t. þetta hlutverk sem kveðið er á um 13. gr. laga nr. 71/2008. Þá kemur sömuleiðis inn ný heimild til að hreinsa eldissvæði eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna slysasleppinga (þ.e. þegar rekstraraðili missir fisk úr stöð sinni), sbr. 13. gr. b frumvarpsins. Í greinargerðinni með lögnum segir varðandi slysasleppingar, að með nauðsynlegum ráðstöfunum sé átt við að Matvælastofnun geti látið framkvæma viðgerð á eldisbúnaði, lokað ám til að hindra uppgöngu eldisfiska og fjarlæggt eldisfiska úr ám.

Matvælastofnun telur að þessi ákvæði frumvarpsins séu í andstöðu við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og hlutverk Matvælastofnunar og Fiskistofu og að gera verði breytingar á frumvarpinu þar að lútandi.

Ekki verður séð að Matvælastofnun geti á grundvelli laga nr. 71/2008 um fiskeldi tekið yfir stjórnslu með aðgerðum eða ráðstöfunum varðandi veiðirétt, veiðistjórnun, fiskvegi, veiðiaðferðir og vernd ferskvatnsstofna sem heima eiga undir lögum nr. 61/2006. Ákvarðanir um að loka ám til að hindra uppgöngu fisks sem og ákvarðanir um að fjarlægja fiska úr ám koma beint við lög nr. 61/2006 og starfsemi Fiskistofu og veiðifélaga. Enda hefur Fiskistofa það meginhlutverk að stuðla að sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum og vernda búsvæði þeirra í samvinnu við veiðiréttarhafa og veiðifélög. Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur einnig mesta fagþekkingu varðandi þessar ráðstafanir og þá er Fiskistofa jafnframt í mjög nánum tengslum við veiðifélögín.

Breytingar í þessa veru sem stofnunin leggur til á frumvarpinu auðvelda þannig til muna alla stjórnslu og gera þær ráðstafanir sem grípa þarf til auðveldari og líklegri til árangurs. Fiskistofa mun þannig áfram sinna stjórnslu sem snýr að lax- og silungsveiði og ákveða til hvaða aðgerða þarf að grípa til varðandi villta stofna í veiðivötnum landsins, s.s. varðandi lokun áa og veiði á eldisfiski sem sloppið hefur. Eins og áður segir telur Matvælastofnun ekki tækt að stofnuninni verði falið að ganga inn á verksvið annarrar ríkisstofnunar, né að stofnunin hafi heimildir til að loka ám eða fjarlægja fisk úr ám. Ekki verður séð að frumvarp þetta breyti nokkru þar um og að slík inngrip af hálfu stofnunarinnar yrðu ávallt metin ólögsmæt.

Af þessum sökum leggur Matvælastofnun til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

2. gr. frumvarpsins hljóði svo.

„Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. og 4. másl. 2. mgr. og 1. og 2. másl. 3. mgr. 14. gr., 17. gr. og 2. mgr. 21. gr. laganna; og í stað orðsins „Fiskistofa“ í 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarhlutfalli: Matvælastofnun.“

13. gr. b (21. gr. b) frumvarpsins hljóði svo.

„Matvælastofnun er heimilt á kostnað rekstrarleyfishafa að láta fjarlægja búnað fiskeldisstöðvar sem hætt hefur starfsemi, gera við búnað og hreinsa eldissvæði eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu fari hann ekki að fyrirmælum Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum í rekstrarleyfi. Þá er Fiskistofu heimilt á kostnað rekstrarleyfishafa að hreinsa eldissvæði eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssleppinga. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabrigða af hlutaðeigandi stofnunum en innheimtast síðar hjá rekstrarleyfishafa eða úr ábyrgðartryggingu hans. Kostnað má innheimta með fjárnámi.“

Varðandi umsögn Fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Matvælastofnun telur vanta í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins hækkun á fjárheimildum Matvælastofnunar um 3,3 m.kr. En ljóst er að hækka þarf fjárheimildir stofnunarinnar um 16,5 m.kr. til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í umsögninni er einungis kveðið á um að fjárheimildir stofnunarinnar skuli hækka um 13,2 m.kr. og vantar því um 3,3 m.kr. til að standa straum af öllum kostnaðinum. Munurinn virðist liggja í 3,3 m.kr. greiðslum sem reiknað er með að Umhverfisstofnun muni greiða Matvælastofnun vegna þjónustusamnings sem gerður verður milli stofnananna vegna þess eftirlits sem Matvælastofnun mun framkvæma í umboði Umhverfisstofnunar, sbr. svohljóðandi kostnaðarmat sem unnið var af hálfu stofnunarinnar og ráðuneytis atvinnuvega og nýsköpunar.

„Lagt er til 16,5 m.kr. gjaldaheimild vegna flutnings útgáfu rekstrarleyfa og eftirlits með fiskeldi til Matvælastofnunar frá Fiskistofu. Breytingin er útfærð í frumvarpi um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.). Í fyrsta lagi er með þessari breytingu stefnt að því að einfalda umsóknarferlið á þann hátt að umsækjandi þurfi einungis að eiga í samskiptum við eina stofnun, Matvælastofnun, sem verði móttöku- og afgreiðslustofnun fyrir umsóknir til bæði starfs- og rekstrarleyfa í fiskeldi. Samkvæmt núgildandi lögum þarf umsóknaraðili að sækja um leyfi á tveimur stöðum þ.e. um rekstrarleyfi hjá Fiskistofu og starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að umsækjendur um rekstrarleyfi til starfrækslu fiskeldisstöðva skuli við móttöku Matvælastofnunar á umsókn greiða þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem falli til hjá stofnuninni í tengslum við afgreiðslu umsóknarinnar. Reiknað er með að hálf stöðugildi þurfi til að sinna þessum verkefnum. Fjöldi rekstrarleyfa getur verið mjög breytilegur en gera má ráð fyrir að fjöldinn verði að jafnaði 8-10 á ári vegna útgáfu nýrra leyfa eða endurnýjunar á eldri leyfum.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eftirlit með fiskeldisstöðvum, sem Fiskistofa hefur sinnt samkvæmt lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, verði flutt til Matvælastofnunar en hingað til hefur stofnunin eingöngu sinnt eftirliti sem lýtur að heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða. Samkvæmt núgildandi lögum innheimtir Fiskistofa árlegt eftirlitsgjald af fiskeldisstöðvum vegna kostnaðar við eftirlit með þeim.

Umhverfisstofnun skal gera þjónustusamning við Matvælastofnun um að Matvælastofnun sinni afmörkuðum þáttum eftirlits Umhverfisstofnunar með fiskeldi, sá samningur verður gerður á grundvelli þjónustugjalds sem áætlast 3,3 m.kr. Áætlað er að tekjur Matvælastofnunar af eftirlitsgjaldinu verði um 7,7 m.kr. á ári. Í samræmi við ofangreint þá þarf að gera ráð fyrir aukningu á fjárlagamma Matvælastofnunar að fjárhæð 16,5 m.kr. vegna tekna við útgáfu rekstrarleyfa og framkvæmdar eftirlits.“

F.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson